



## Fundur í skólaráði, haldinn 2. október 2009

Mættir: Guðbjörg Vernharðsdóttir og Ívar Elíasson fulltrúar nemenda, Málfríður Garðarsdóttir og Sveinn Ásgeir Jónsson fulltrúar foreldra, Björn Ingi Bjarnason fulltrúi grenndarsamfélagsins, Ingibjörg Ársælsdóttir fulltrúi annarra starmanna, Elísabet St. Jóhannsdóttir og Hildur Bjargmundsdóttir fulltrúar kennara og Arndís Harpa Einarsdóttir skólastjóri.

Harpa setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. **Farið yfir reglugerð um skólaráð.** Nefndarmenn ræddu um fundartíma og var ákveðið að ráðið hittist einu sinni í mánuði, fyrsta föstudag hvers mánaðar. Rætt almennt um hlutverk ráðsins og ytri umgjörð þess. Rætt um aðkomu grenndarsamfélagsins að upplýsingum og að koma erindum til ráðsins. Fundargerðir verða settar á heimasíðu skólans.
2. **Skólanámskráin.** Harpa dreifði útprentuðum eintökum af skólanámskránni en annars var vísað til þess að hana má finna á netinu. Harpa kynnti breytingar á stundatöflu þar sem farið var úr 40 mín. í 60. mín. kennslustundir. Fulltrúi foreldra benti á að ræða hefði átt þessar breytingar í skólaráði áður en þessu var breytt. Skipað hefur verið ráð þriggja kennara til að fara yfir hvernig þetta gengur. Fundarmenn ræddu um kosti og galla þessa fyrirkomulags.
3. **Aðbúnaður og aðstaða í skólanum.** Harpa kynnti byggjarframkvæmdir á Stokkseyri. Áætlað er að flytja inn í nýju skólabygginguna í byrjun desember. Hugmynd um að skólaráð skoðaði bygginguna fyrir næsta fund. Athuga þarf hita í Norðurkoti. Mötuneytisaðstaðan hefur breyst til bantnaðar á Eyrarbakka. Rætt um að of oft sé of lítill matur á Stokkseyri. Gæta þarf þess að allir fái nægan mat. Skólaráð leggur til að í nýjum skóla á Stokkseyri verði maturinn eldaður á staðnum.
4. **Símamál.** Erindi kom frá kennarafundi Barnaskólans um breytingar á skólareglum, sérstaklega reglu nr. 8, um símanotkun. Fundarmenn ræddu almennt um kosti og galla boða og banna gsm-síma. Foreldrar og nemendur munu ræða í sínum hópi. Harpa lagði fram breytingartillögu við 8. gr. Skólareglna, sem umræðupunktur í málinu. Fundarmenn ræddu um þessa tillögu. Á fundi kennara var rætt um 8.gr. með hliðsjón af þremur eftirtöldum atriðum: - Óbreyttar reglur, - hertar reglur, - símar bannaðir. Foreldrar og nemendur þurfa að taka afstöðu til þessa máls, fara með þetta út í sinn hóp og koma með ályktun.

5. **Foreldrastarf.** Mikill vilji er hjá foreldrum að styðja við skólastarfið. Mikill hluti foreldra eru boðnir og búnir að leggja fram vinnu. Fyrirspurn kom frá foreldrum um hvort hægt væri að nota gamla skólahúsnæðið á Stokkseyri undir félagsaðstöðu fyrir nemendur. Harpa ítrekaði stefnu bæjaryfirvalda að opna ekki félagsmiðstöð hér við ströndina. Rætt um að með þáttöku foreldra ofl. sé hægt að skoða nýtingu skólans á Stokkseyri eftir áramót.
6. **Önnur mál.** Björn Ingi ræddi um að fangaverðir hafa stofnað félagið “Stígavinafélag Stokkseyrarbakka”. Þetta félag hefur boðið sveitarfélaginu að koma sem helmingsaðili að gerð stígs milli Eyrarbakka og Stokkseyrar. Fundarmenn lýstu áhuga á að koma að þessu máli með þeim.
7. **Málþing.** Harpa sagði frá málþingi sem áformað er að halda 13. nóv. n.k. um alþýðufræðslu á Íslandi í 120 ár. Skólaráð jákvætt fyrir því.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:10

*Elísabet St. Jóhannsdóttir ritaði fundargerð*